

Stj.tíð B, nr. 399/1973.

Fylgiskjal.

Auglýsing um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið á fundi sínum hinn 29. janúar 1973 að friðlýsa Skútustaðagíga í Suður-Þingeyjarsýslu og næsta umhverfi þeirra sem náttúruvætti.

*Mörk náttúruvættisins eru þessi:*

Vestan Stakhólstjarnar lína hugsuð um 3 m frá rótum Hræðuhvers að mörkum skólalóðar og með þeim að vegi, en síðan vegurinn til móts við suðvesturhorn tjarnarinnar og þaðan stystu leið í tjörn. Að austan hugsuð lína, skemmst 20 metra utan róta syðstu gíga, beina leið milli tjarnar og Mývatns.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Nytjar graslendis milli gíga eru leyfðar, sem hingað til, en þó þannig, að búvélar valdi ekki spjöllum á gígum.
3. Frekari ræktun og gerð nýrra ökuslóða er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
4. Bannað er að tjalda á eða í gígum.

Gangandi fólki er heimil för um svæðið utan ræktaðs lands eftir merktum stígum, en öllum er skylt að ganga vel um og snyrtilega.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum